

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 20. febrúar 2009 í máli nr. S-1790/2008:

### Ákærvaldið

(*Dröfn Kærnested fulltrúi*)

**gegn**

**X.**

(*Brynjólfur Eyvindsson hdl.*)

### I

Málið, sem dómtekið var 12. febrúar sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, útgefinni 2. desember 2008 á hendur „X, kennitala 000000-0000, ..., fyrir kynferðisbrot, gagnvart dótturdóttur sinni Z, fæddri árið 1994, á ofangreindu heimili hans, frá miðju ári 2005 til 1. janúar 2008, með því að hafa:

1. Í fjögur skipti þuklað innan- og utanklæða á brjóstum hennar, rassi og kynfærum.
2. Í eitt skipti strokið rass hennar utanklæða.

Telst háttsemi ákærða varða við 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 8. gr. laga nr. 40/1992, 2. gr. laga nr. 40/2003 og 9. gr. laga nr. 61/2007.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Bótakrafa:

Af hálfu J, kt. 000000-0000 og B, kt. 000000-0000, vegna ólögráða Z, kt. 000000-0000, er krafist skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð kr. 2.000.000, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 1. janúar 2008 til þess dags er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa var kynnt sakborningi, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.“

Ákærði neitar að hafa þuklað kynfæri brotaþola. Þá neitar hann að hafa strokið rass brotaþola í kynferðislegum tilgangi eins og hann er ákærður fyrir í 2. lið ákæru.

Hann hefur játað sök að öðru leyti. Hann krefst vægustu refsingar. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Ákærði krefst þess að skaðabótakröfunni verði vísað frá dómi.

## II

Málavextir eru þeir að með bréfi 6. maí 2008 óskaði barnaverndarnefnd ... eftir lögreglurannsókn vegna gruns um kynferðisbrot gagnvart framangreindum brotþola. Í bréfinu kemur fram að brotþoli hafi greint móður sinni frá því að ákærði, sem er móðurafi hennar, hafi áreitt sig kynferðislega sumarið 2006 á framangreindu heimili hans og ömmu hennar. Þá kom og fram í bréfinu að brotþoli lægi á barna- og unglिंगageðdeild í kjölfar sjálfsvígstílaunar.

Tekin var lögregluskýrsla af móður brotþola 14. maí og kvað hún dóttur sína hafa sagt sér að ákærði hefði áreitt hana kynferðislega sumarið 2006. Nánar kvað hún hann hafa strokið henni yfir bakið og brjóstin. Móðirin kvað dóttur sína hafa átt erfitt síðastliðin 4 ár, henni hafi liðið illa í skóla auk annars. Þegar hún sagði móður sinni frá þessu sagðist hún líka hafa ætlað að taka inn svefntöflur til að stytta sér aldur. Í framhaldinu kvaðst móðirin hafa haft samband við skólasálfræðing sem hafi komið henni á geðdeild.

Tekin var skýrsla af brotþola fyrir dómi 23. maí 2008 og verða nú meginatriði hennar rakin. Brotþoli skýrði frá því að sumarið sem hún var 10 ára hefði hún verið hjá ákærða á heimili hans en amma hennar hefði verið úti á landi. Hann hefði sofnað og beðið hana að vekja sig á tilteknum tíma. Hún kvaðst hafa farið inn í herbergi hans þar sem hann lá í rúminu. Hann hefði teygt hönd sína í áttina að henni og spurt *nennir þú að toga mig upp?* Ákærði hefði svo togað hana niður til sín og farið höndum um hana innan klæða og strokið brjóst, rass og kynfæri þar sem hún lá í rúminu hjá honum. Brotþoli kvaðst hafa verið klædd í íþróttabuxur, peysu og bol og hafa verið í nærfötum. Í annað skipti hefði ákærði þuklað hana á sama hátt og þá inni í herbergi sem hún gisti í. Í það sinn kvaðst hún hafa haldið höndunum að brjóstunum til að hindra hann í að káfa á þeim. Eftir þessi skipti gerðist þetta oftar og tilgreindi brotþoli að eina nóttina hefði hún vaknað og farið fram og var þá ákærði þar. Hann hefði knúsað sig og káfað á rassinum á henni en ekki farið inn á hana. Brotþoli kvað ákærða hafa káfað á sér í hvert skipti sem hún dvaldi hjá honum og hefði það verið að minnsta kosti 5 sinnum og í öll skiptin hefði hann snert hana bókstaflega allsstaðar eins og hún orðaði það. Ítrekað spurð kvað hún ákærða alltaf hafa strokið sér um maga brjóst og kynfæri undir fötum hennar. Síðast hefði þetta gerst um áramótin 2007/2008.

Meðal gagna málsins er skýrsla Barna- og unglिंगageðdeildar Landspítalans frá 12. júní 2008. Þar segir meðal annars að brotþoli hafi lent í einelti 4 árum áður og upp frá því verið með depurðar- og kvíðaeinkenni. Brotþoli hafi skipt um skóla, síðast haustið 2007, enda fannst foreldrum hennar skólinn ekki taka nægjanlega vel á eineltinu. Í ársbyrjun 2008 leitaði brotþoli til geðlæknis

sem setti hana á lyf. Ástand hennar lagaðist í byrjun en versnaði svo aftur. Hún var svo lögð á deildina eftir að hafa tekið inn of stóran skammt af svefnlyfjum. Skýrsla þessi er samin af barna- og unglingageðlækni, félagsráðgjafa, sálfræðingi og hjúkrunarfræðingi. Í umsögn sálfræðingsins er lýst ástandi brotþola og kemur þar fram að hún eigi við svefnerfiðleika að stríða, hún sé döpur, finni fyrir geðsveiflum og líkamlegri spennu. Vanlíðan hennar endurspeglar í neikvæðu skapi og óyndi auk þess sem hún sé óvirk. Hins vegar hafi hún verið tilbúin að vinna með líðan sína, en það hafi reynst erfitt þegar kom að því að vinna úr áfallinu sem hún varð fyrir.

Í vottorði barna- og unglingageðlæknis frá 31. desember síðastliðinn segir að brotþoli hafi útskrifast af sjúkrahúsinu 12. júní 2008 en verið í göngudeildarmedferð síðan. Til viðbótar því sem segir í fyrrnefndri skýrslu kemur fram að brotþoli dvelji nú í öðrum bæ og sækji þar skóla. Hún sé á lyfjum vegna þunglyndis, kvíða og áfallastreitueinkenna auk þess að taka lyf við svefnleysi. Í lok vottorðsins segir að brotþoli eigi „við mikinn vanda að stríða og þarf áframhaldandi meðferð, stuðning og viðtöl til að vinna með lágt sjálfsmat, áfallastreitu, kvíða og félagslega erfiðleika. Rannsóknir hafa sýnt að þeir einstaklingar sem hafa sætt kynferðislegu ofbeldi eiga oft í langtíma erfiðleikum, farnast verra í lífinu og þurfa stuðning til lengri tíma.“

Þá er meðal gagna málsins vottorð geðlæknis ákærða frá 9. febrúar síðastliðnum. Þar kemur fram að hann hafi lagst inn á geðdeild í maí 2008 í kjölfar sjálfsvígstilraunar. Eftir það hafi hann verið undir læknishöndum og sálfræðings vegna sjálfsvígshugsana og þunglyndis. Hann taki nú lyf við þunglyndi og kvíða og muni enn um sinn þurfa að taka þau og ganga til sálfræðings.

### III

Við aðalmeðferð játaði ákærði sök samkvæmt 1. ákærulið nema að hafa þuklað kynfæri brotþola, það hefði hann aldrei gert. Þá viðurkenndi hann að hafa strokið rass hennar eins og hann er ákærður fyrir í 2. lið en það hafi ekki verið gert í kynferðislegum tilgangi. Þetta hefði gerst með þeim hætti að hann hefði verið vakandi um nótt er brotþoli hefði einnig vaknað og sest í fangið á sér. Hún hefði sagst hafa haft erfíðar draumfarir og hann huggað hana. Hann viðurkenndi að hafa strokið brotþola innklæða eins og lýst er í 1. lið ákæru og taldi hana þá hafa verið 11 ára og ekki verið orðna kynþroska. Hún hefði ekki verið komin með brjóst. Þá rengdi hann ekki að þetta hefði gerst í þau skipti sem getur í ákæru. Varðandi 2. ákærulið þá ítrekaði ákærði að þetta hefði ekki verið í kynferðislegum tilgangi, hafi brotþoli túlkað það þannig hafi það verið misskilningur hjá henni.

Móðir brotþola bar að hún hefði sagt sér í apríl 2008 að ákærði hefði farið illa með sig. Þetta gerðist eftir að brotþoli hafði reynt að stytta sér aldur. Eftir þetta var brotþoli lögð inn á geðdeild og sagði starfsfólki þar ítarlegar frá þessu og það sagði móðurinni. Móðirin kvað brotþola hafa sagt sér að ákærði hefði káfað á sér fyrir um það bil 2 árum á heimili hans. Ákærði hefði káfað á brjóstum og rassi og komið við kynfærin. Móðirin kvaðst strax hafa trúað brotþola, enda þekkti hún viðbrögð hjá henni sem líktust viðbrögðum hennar sjálfar þegar hún lenti sjálf í misnotkun af hálfu ákærða þegar hún var ung. Hún kvað brotþola hafa liðið mjög

illa og væri enn illa haldin. Brotaðoli hefði farið að heiman og væri í skóla í öðrum bæ. Móðirin kvað brotáþola hafa lent í einelti áður en þetta gerðist og einangrast félagslega.

Dagbjörg Birna Sigurðardóttir geðlæknir staðfesti vottorð sem að framan var rakið. Hún kvaðst hafa annast um brotáþola frá því í apríl 2008 er hún lagðist inn á geðdeild. Geðlæknirinn kvað brotáþola greinda með þunglyndi og áfallastreituröskun. Þá staðfesti hún að brotáþoli hefði lent í einelti og hefði það valdið því að áfallastreitueinkennin urðu verri. Brotáþoli þyrfti nú á lyfjum að halda og búast mætti við að hún, eins og þeir sem lentu í áföllum sem þessum, myndi bera þess merki ævina út og eiga í vanda með samskipti við aðra og eins í skóla og vinnu.

Guðlaug María Júlíusdóttir félagsráðgjafi á barna- og unglingageðdeild, hefur annast um málefni brotáþola og staðfesti vottorð sem hún vann í málinu ásamt öðrum. Hún bar að brotáþoli fengi kvíðaköst en henni liði samt mun betur en fyrir ári síðan svo dæmi sé tekið.

María Gunnarsdóttir sálfræðingur á barna- og unglingageðdeild, hefur annast um brotáþola og bar að brotáþoli hefði lítið vilja ræða það sem komið hefði fyrir. Þetta væri dæmigert einkenni þeirra sem verða fyrir áfallastreitu, þeir vilji ekki ræða það sem kom fyrir. Þó hefði hún skýrt sér frá því að einu sinni hefði hún vakið afa sinn og hefði hann þá þreifað á sér innanklæða. María kvað brotáþola hafa verið kvíðna, dapra og með sjálfsvígshugsanir. Hún kvað það sitt mat að líðan brotáþola megi rekja til þess sem kom fyrir hana. Þá eigi brotáþoli í raun eftir að vinna úr því sem kom fyrir hana.

#### IV

Ákærði hefur viðurkennt að hafa þuklað brotáþola eins og honum er gefið að sök í 1. lið ákærunnar, nema hvað hann hefur neitað að hafa þuklað kynfæri hennar. Framburður brotáþola um að ákærði hafi þuklað kynfæri hennar styðst ekki við önnur gögn og, gegn neitun ákærða, er það því ósannað. Ákærði hefur og viðurkennt að hafa strokið rass brotáþola eins og honum er gefið að sök í 2. lið. Í ljósi þess sem komið hefur fram um athafnir ákærða gagnvart brotáþola er ekki hægt að líta öðru vísi á en að það hafi haft kynferðislega merkingu þegar hann strauk rass brotáþola. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þennan ákærulið hvað svo sem líður framburði hans um að það hafi ekki verið gert í kynferðislegum tilgangi.

Samkvæmt því sem nú hefur verið rakið verður ákærði sakfelldur fyrir annað en að þukla kynfæri brotáþola. Brot hans er rétt fært til refsíákvæða í ákæru. Við ákvörðun refsingar ákærða verður að hafa í huga að honum er gefið að sök að hafa framið brotin á tímabilinu frá miðju ári 2005 til 1. janúar 2008. Lög nr. 61/2007 sem þyngdu refsingar fyrir brot gegn 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga tóku gildi 3. apríl það ár og með því að það verður helst ráðið af framburði brotáþola að hluti brotanna hafi verið framinn fyrir þann tíma verður að hafa það til hliðsjónar þegar refsing ákærða er ákveðin. Honum hefur ekki áður verið refsað og er refsing hans hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi. Ákærði hefur verið sakfelldur fyrir gróft trúnaðarbrot gagnvart dótturdóttur sinni og getur ekki

komið til álita að skilorðsbinda refsinguna.

Með háttsemi sinni hefur ákærði bakað sér bótaskyldu gagnvart brotþola, sbr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Skaðabætur til brotþola eru hæfilega ákveðnar 800.000 krónur og verður ákærði dæmdur til að greiða þær með vöxtum eins og segir í dómsorði. Ákærða var birt bótakrafan 20. júní 2008 og miðast upphaf dráttarvaxta við það þegar 30 dagar eru liðnir frá þeim degi. Loks skal ákærði greiða sakarkostnað, laun verjanda síns og réttargæslumanns brotþola á rannsóknarstigi og við dómsmeðferð eins og segir í dómsorði.

Dóminn kváðu upp héraðsdómararnir Arngrímur Ísberg, dómsformaður, Guðjón St. Marteinson og Hervör Þorvaldsdóttir.

### **Dómsorð**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði Z 800.000 krónur með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. janúar 2008 til 20. júlí sama ár en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 31.750 krónur í sakarkostnað, málsvarnarlaun verjanda síns Brynjólfs Eyvindssonar hdl., 295.314 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og þóknun réttargæslumanns brotþola, Herdísar Hallmarsdóttur hrl., 167.328 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Arngrímur Ísberg

Guðjón St. Marteinson

Hervör Þorvaldsdóttir